

Bréf til forráðamanna

Kæri forráðamaður.

Um þessar mundir erum við að hefja kennslu efnisins *Stefnan sett!* Markmið námsefnisins er að kynna fyrir nemendum þá náms- og starfsmöguleika sem þeim standa til boða og að efla færni þeirra til ákvarðanatöku sem byggist á sjálfsþekkingu og sjálfstæði. Framboð menntunar í íslensku skólakerfi hefur vaxið mikið undanfarin ár. Vinnumarkaðurinn tekur einnig stöðugum breytingum, til verður ný þekking og ný störf. Þetta kallar á þörf ungmenna fyrir trausta aðstoð og stuðning við námsval bæði í skólanum og heima fyrir.

Með þessu bréfi viljum við hvetja ykkur til þess að taka virkan þátt í náms- og starfsfræðslu barna ykkar með því að ræða við þau um áhuga þeirra, hæfileika og framtíðarsýn. Nemendur munu eflaust þurfa á aðstoð ykkar að halda við úrlausn einhverra verkefna og þá gefst kjörið tækifæri til slíkra umræðna.

Nemendur safna verkefnum sínum í möppu. Þegar kennslu efnisins lýkur ætti hún að hafa að geyma góðar upplýsingar um hugmyndir nemenda um framhaldsnám. Þegar kemur að því að velja framhaldsskóla gæti reynst gagnlegt að fara yfir innihald möppunnar með náms- og starfsráðgjafa áður en ákvörðun er tekin.

Með von um gott samstarf